

27. fundur hreppsnefndar Ásahrepps var haldinn á skrifstofu Ásahrepps miðvikudaginn 13. janúar og hófst hann kl. 09:00.

Fundinn sátu:

Elín Grétarsdóttir, Brynja Jóna Jónasdóttir, Karl Ölvisson, Nanna Jónsdóttir og Tyrvingur Sveinsson varamaður í stað Egils Sigurðssonar sem boðaði forföll.

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Nanna Jónsdóttir.

Sveitarstjóri setti fund, bauð fundarmenn velkomna og leitaði eftir athugasemdum við fundarboðið.

Fyrir var tekið:

1. Heimgreiðslur, reglur

Greiðslurnar eru fyrir börn á aldrinum 9 - 18 mánaða sem eru ekki á leikskóla hvort heldur sem er vegna þess að ekki er pláss eða að foreldrar velja að hafa börnin heima fyrst í stað. Þeir sem eiga af einhverjum ástæðum ekki rétt á fæðingarorlofi í níu mánuði geta sótt um að fá greiðslu frá 6 mánaða aldri barnsins. Heimgreiðsla er bundin því að barn sé með lögheimili og aðsetur í Ásahreppi. Jafnframt er skilyrði að foreldri hafi búið í sveitarfélaginu a.m.k. 6 mánuði áður en greiðslur geta hafist. Við flutning á lögheimili barnsins úr sveitarfélaginu falla heimgreiðslur niður frá og með sama degi.

Heimgreiðsla fellur niður þegar barn hefur leikskólagöngu. Hámarksupphæð heimgreiðslu er kr. 30.000 á mánuði fyrir hvert barn. Umsókn þarf að berast fyrir 20. dag mánaðar, mánuði áður en greiðslur eiga að hefjast. Greiðslur hefjast í fyrsta lagi 1. dag mánaðar eftir að barnið er orðið 9 mánaða gamalt og lýkur í síðasta lagi 1. dag mánaðar eftir að barnið nær 18 mánaða aldri. Verði um ofgreiðslu að ræða á heimgreiðslum áskilur Ásahreppur sér rétt til endurgreiðslu. Sé ofgreiðsla á grundvelli þess að umsækjandi hafi gefið upp rangar upplýsingar eða hann hafi ekki tilkynnt um breytingar á högum sínum sem hafa áhrif á rétt til heimgreiðslu er heimilt að leggja dráttarvexti á upphæð endurkröfunnar.

Samþykkt

2. Dk hugbúnaður ehf og Office 365 CSP, tilboð

Lagt fram tilboð frá Dk hugbúnaði ehf að fjárhagsbókhaldslausn fyrir Ásahrepp.

Samþykkt

Lagt fram tilboð frá TRS ehf í Office 365 CSP pakka.

Samþykkt

3. Fundargerðir

a) 101. fundur skipulagsnefndar Uppsveita, haldinn 10. desember 2015.

Lagt fram til kynningar.

b) 102. fundur skipulagsnefndar Uppsveita, haldinn 7. janúar s.l.

Lagt fram til kynningar.

c) 31. stjórnarfundur stjórnar Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs. haldinn, 28. desember 2015 liður 2 þarfnast umfjöllunar.

Liður 2. 1510006 - Úttekt á starfsemi Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs. og Tæknisviðs Uppsveita.

Stjórn byggðarsamlagsins samþykkir að beina því til aðildarsveitarstjórna að samþykkja að fella starfsemi Tæknisviðsins undir Skipulags og byggingarfulltrúa Uppsveita b.s. frá og með 1. janúar 2016. Eftir samrunann mun fjöldi stöðugilda verða 9. Ef öll aðildarsveitarfélögin samþykkja þessa tillögu er formanni falið að undirbúa breytingar á samþykktum og skipuriti, starfslýsingum og heildar

fjárhagsáætlun fyrir nýja starfsemi. Einnig er samþykkt að hefja undirbúning á skilgreiningu á verkefnum er falla undir nýja starfsmenn sem auglýsa þarf eftir og auglýsa sem fyrst eftir nýjum starfsmönnum. Samþykkt að halda stjórnarfundir reglulega til að upplýsa stjórnarmenn um framgang þessarar vinnu. Rætt um nauðsyn þess að endurskoða kostnaðarskiptingu á milli sveitarfélaganna og er þá sérstaklega horft til fastakostnaðarins.

Hreppsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi tillögu.

d) 17. fundur stjórnar Lundar, haldinn 9. desember 2015.

Lagt fram til kynningar.

e) 38. fundur stjórnar Vatnsveitu Rangárþing ytra og Ásahrepps, haldinn 15. desember 2015.

Lagt fram til kynningar.

f) Minnispunktar frá 1. fundi starfshópsins vegna Ásgarðs.

Farið yfir minnispunkta starfshópsins.

Þar á meðal er tillaga um að hreppurinn og ungmennafélag Ásahrepps sendi sameiginlegt dreifibréf á alla bæi í hreppnum þar sem íbúar eru hvattir til að tjá sig um framtíðarsýn hússins.

Hreppsnefnd samþykkir ofangreinda tillögu.

g) 39. fundur stjórnar Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps, haldinn 8. janúar s.l.

Lagt fram til kynningar.

**h) 30. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur Saftafellssýslu, haldinn 11. janúar s.l.
B liður þarfnast umfjöllunar.**

Liður B. Breytingar á reglum um sérstakar húsaleigubætur.

Samþykkt og vísað til sveitarfélaga byggðarsamlagsins til samþykktar.

Hreppsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi breytingar á reglum um sérstakar húsaleigubætur.

i) 1. fundur Odda bs. haldinn 11. janúar s.l. liður 4 þarfnast umfjöllunar.

Liður 4. 1601001 Skólagjaldskrár 2016

Gjaldskrár leikskóla, útfærsla afsláttu, bókasöfn, mötuneyti.

Niðurstaða fundar:

Fyrir liggur tillaga til samþykktar að gjaldskrá fyrir Odda bs.

Gjaldskráin er samþykkt samhljóða

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við afgreiðslu stjórnar. Hreppsnefnd bendir íbúum Ásahrepps á að Ásahreppur mun áfram niðurgreiða leikskólagjöld, samanber bókun hreppsnefndar á 8. fundi hreppsnefndar 11. nóvember 2014.

Samkvæmt núverandi gjaldskrá munu börn með lögheimili og aðsetur í Ásahreppi greiða 1673 kr. fyrir klukkustund með afslætti. Lágmarksvistunartími er 4 klst. á dag. Vistun fyrir 5 ára börn er gjaldfrjáls síðasta skólaárið í leikskóla.

Þá mun Ásahreppur áfram greiða mötuneytisgjald fyrir öll leik- og grunnskólabörn með lögheimili og aðsetur í Ásahreppi.

4. Erindi til hreppsnefndar

- a) Í lok nóvember héldu nokkrir kórar úr Rangárþingi jólatónleika í íþróttahúsinu á Laugalandi. Eftirtaldir kórar sem að tónleikunum stóðu fara þess á leit við sveitarstjórn Rangárþings ytra og Ásahrepps að afnotin af aðstöðunni í íþróttahúsinu verði þeim að kostnaðarlausu. Hefð er fyrir því að halda jólatónleika í sýslunni á ári hverju og svo að tónleikarnir standi undir sér er þetta mikilvægur þáttur, að sveitarfélögin styrki kóra sýslunnar með þessum hætti. Hringur kór eldri borgara, Kammerkór Rangæinga, Karlakór Rangæinga, Kvinnakórinn Ljósbrá.**

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir fyrir sitt leyti beiðnina.

- b) Beiðni um auglýsingu eða styrktarlínu í útgáfu 45. árgangs Geðverndar sem er tímarit Geðverndarfélag Íslands.**

Hafnað

- c) Afrit af erindi frá Húsakynnum bs. til sveitarstjórnar Rangárþings ytra. Efni bréfs er möguleg sala fjögurra íbúða við Giljatanga og lands úr Nefsholti 2.**

Lagt fram til kynningar.

5. Álagning fasteignagjalda

Gjalddagar verða sex talsins árið 2016, fyrsta hvers mánaðar frá 1. febrúar til 1. júlí. Þar sem heildarupphæð er undir 20.000 kr. er einn gjalddagi, 1. apríl.

Samþykkt

6. Fundaáætlun hreppsnefndar

Lögð fram fundaáætlun fyrir árið 2016.

Gert er ráð fyrir því að hreppsnefnd fundi einu sinni í mánuði annan miðvikudag kl. 9:00 að júlímánuði undanskildum árið 2016.

Fundaáætlunin tekur gildi frá og með næsta hreppsnefndarfundi.

Samþykkt

Til kynningar:

- A. Staðgreiðsla 2016, hlutafjármiðar.
- B. Ársskýrsla ART teymisins um árangur fjölskyldu-ART þjálfunar á árinu sem er að líða.
- C. 833. Fundargerðir stjórnar sambandsins.
- D. 884. Fundargerðir stjórnar sambandsins.
- E. Minnispunktar frá samráðsfundi Gámaþjónustunnar og Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.
- F. Uppreiknuð eignamörk vegna húsaleigubóta 2016.
- G. Sex vikna námskeið í stjórnsýslurétti.
- H. Bréf til sveitarfélaga vegna vinnu um samræmda afmörkun lóða.
- I. Fundarboð um TISA samningaviðræður.
- J. Staðgreiðsla 2016, hlutafjármiðar.
- K. Tíund fréttabréf RSK, desember 2015.
- L. Boðsbref á hátíðarfund Vísinda- og rannsóknarsjóðs Suðurlands.
- M. Skipulagsbreytingar hjá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.
- N. Uppgjör Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga árekstrargrunni.
- O. Samruni Tölvumiðlunar og Advania.

Næsti fundur hreppsnefndar verður 3. febrúar næstkomandi kl. 9:00.

Fundargerð yfirlésin, samþykkt.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 10:40

Elín Grétarsdóttir (sign)

Brynja Jóna Jónasdóttir (sign)

Karl Ölvisson (sign)

Nanna Jónsdóttir (sign)

Tyrfingur Sveinsson (sign)